

## Spegillinn í bréfinu

Lag og texti: Bubbi Morthens

Ég þekkti mann með þunna skel  
hann segist þekkja þig svo vel.  
Eitt sinn bauðstu honum faðminn  
hann valdi nóttina fram yfir daginn.  
Erfitt er að elska hann  
leitandi aldrei fann  
við olíuljós - gráan reyk  
fróun í þeim göfuga leik.  
Setti sitt líf að veði  
með snjóinn upp að öxlum.

Þú sérð hann standa, horfa á  
með sígarettu, augun blá.  
Með brotnar brýr að baki sér  
finnur ekkert lengur hér  
nema hryggð í nýjum degi  
sama hvað þú segir.  
Hann stígur inn í skuggann  
ekki lengur hægt að hugga hann.  
Þú sérð hann þar sem hann stendur  
með snjóinn upp að öxlum.

Þú hatar að sjá þreyttan mann  
samt þig langar að kyssa hann.  
Tárin niður kinnarnar  
blóðið þýtur um æðarnar.  
Hann situr við borðið, lotinn í herðum  
minningar úr löngum ferðum.

Talar sjálfan sig í svefn

á speglinum kemst enginn í gegn  
með snjóinn upp að öxlum.

Býður honum að ganga inn  
strýkurðu burtu tár af kinn.

Býrð um rúmið föl á vanga

- í stoltinu reynir hann samt að hanga.

Þú hvíslar: Dyrnar eru opnar hér

ást mín fylgir alltaf þér.

Um stund þau stara á þig tryllt

augun sem síðan lokast stillt

og þú grefur snjóinn burtu frá hans öxlum.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

Bubbi - Kona (1985)